



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps, þriðjudaginn 17. apríl 2018 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi boðaði forföll, Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1708019 - Breyting á aðalskiplagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60, skipulagstillaga og efnistökuáætlun.

Sveitarfélagið kynnti og leitaði umsagna og athugasemda við vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingum frá 1. desember 2017 til 5. janúar 2018 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Opið hús var á skrifstofu Reykhólahrepps mánudaginn 18. desember frá kl. 10-14. Alls bárust 15 umsagnir og athugasemdir.

Skipulagsnefnd hefur farið yfir allar umsagnir og athugasemdir og þau gögn sem aflað hefur verið og hefur gert talsverðar breytingar á skipulagsgögnum frá vinnslutillögu. Vegna umfangs og eðlis fyrirhugaðra samgöngubóta hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim í aðalskipulagstillögu og helstu umhverfisáhrifum. Byggt á brýnum hagsmunum sveitarfélagsins telur skipulagsnefnd leið Þ-H raunhæfustu leiðina til að ná fram samgöngubótum þrátt fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Í skipulagsvinnu hefur markvisst verið unnið að því að leita leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum t.d. með skilmálum um afmörkun á framkvæmdarsvæði, viðbótar brú í Djúpafirði og skilmálum um endurheimt birkiskóga.

Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna Vestfjarðavegar og feli skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin tekur ofangreinda tillögu til afgreiðslu og er tillagan felld með tveimur atkvæðum KK og ES á móti einu atkvæði RE.

KK lætur bóka eftirfarandi;

Ég ítreka andstöðu mína við tillögu að breytingum á aðalskiplagi Reykhólahrepps og vísa til bókunar frá fundi sveitarstjórnar frá 8. mars. Varðandi umhverfis- og samfélagsáhrif og brýna nauðsyn í tillögunni vil ég segja.

Teigskógur er eitt af örfáum svæðum sem eftir eru á landinu sem eru vaxin við milli fjalls og fjöru, og eru lítið eða öröskuð af búsetu og framkvæmdum mannsins, í því liggur verndargildi

hans. Mótvægisáðgerðir sem felast í gróðursetningu birkitrjáa annarstaðar hafa í því sambandi ekkert gildi. Grunnssævið, lífríki þess og sjávargróður við innanverðan Breiðafjörð er einstakt á landsvísu og ber að vernda eins og kostur er.

Brýn þörf er á samgöngubótum í Gufudalssveit en engin „þörf“ á jafn stórfelldum umhverfisspjöllum og leið Þ-H hefur í för með sér og fráleitt „brýn nauðsyn“.

Fyrir liggur að jarðgangaleið hlífir Teigskógi við raski og þverar ekki Djúpafjörð og fer yfir Gufufjörð innar en leið Þ-H. Á hönnun og útfærslu samanburðaleiða grundvallast kostnaðar- og umferðaröryggismunur leiðanna, það er því fagnarefni að sveitarstjórn ætlar að fá erlenda óháða verkfræðistofu til að rýna hönnun og leiðaval. Betur útfærð jarðgangaleið er raunhæf leið til að setta sjónarmið og ná málinu úr því átakaferli sem það stefnir í næstu árin. Átakaferli sem endar að öllum líkindum á sama hátt og 2009. Rök fyrir því að leið Þ-H flýti fyrir samgöngubótum eru því haldlítill.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

2. Auglýsing á lóðum á Reykhólum.

Nefndin felur sveitarstjóra að auglýsa 5 einbýlishúsalóðir á Reykhólum. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.30
